

Hólmfríður Magnúsdóttir, saumakona

Afhending 2012/72

Hólmfríður Magnúsdóttir fæddist á Syðra-Hóli í Austur-Húnavatnssýslu þann 1. apríl 1918. Þar ólst hún upp hjá foreldrum sínum. Veturinn 1936-1937 stundaði hún nám í Kvennaskólanum á Blönduósi og flutti til Akureyrar stuttu seinna. Næstu ár var hún í vist á veturna og í kaupavinnu á sumrin. Meðal annars fór hún sem kaupakona til Flateyjar á Skjálfanda, austur á Hérað og í Bárðardal. Hún vann einnig á saumastofu Jórunnar Guðmundsdóttur og á saumastofu Gefjunar.

Á árunum 1944-1948 helgaði hún sig að mestu heimilinu en eftir það hóf hún störf á saumastofunni Heklu þar sem hún starfaði í 30 ár uns hún hætti störfum sökum aldurs.

Hólmfríður giftist Rósberg Snædal, frá Kárahlíð í Laxárdal A-Hún, árið 1945. Þau eignuðust 6 börn. Hólmfríður og Rósberg slitu samvistum árið 1971.

Skjölin voru afhent af dóttur Hólmfríðar, Gígju Snædal. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá Hólmfríði.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
24. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
		A-Hólmfríður Magnúsdóttir	
		A-Hólmfríður Magnúsdóttir	1941 - 1944
		Hólmfríður Magnúsdóttir (1918-2013), húsmóðir	2012 / 72
2012 -	1 / 1	A 1941- 1944	Kvittanir og nótur fyrir innkaupum m.a. frá KEA og Klæðaverksmiðjunni Gefjunni